

Nd.

86. Frumvarp

til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu flutti stjórnin á síðasta þingi, og hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að flytja það einnig nú. Frv. fylgdi á síðasta þingi ýtarleg greinargerð og er vísað til hennar.

Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu um brtt., sem fram kynnu að koma.

Óll nefndin telur, að verði frv. þetta samþ., þá beri, er launalög embættismanna verða endurskoðuð í heild, annaðhvort að fella lög þessi úr gildi eða taka tillit til þeirra, er launakjör presta verða ákveðin.